

# ÖRNEFNANEFND

Ársskýrsla

2017

ÖRNEFNANEFND

Laugavegi 13, 101 Reykjavík

Sími 525 4432 og 525 4433 · Netfang [ornefnanefnd@hi.is](mailto:ornefnanefnd@hi.is)

[http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_nafn\\_ornefnanefnd](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd)

## Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga um örnefni nr. 22/2015, sbr. og Lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006, með síðari breytingum, Lög um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006, með síðari breytingum og Lög um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Örnefnanefnd er þannig skipuð:

*Pórunn Sigurðardóttir* formaður, án tilnefningar.

– Varamaður: *Haraldur Bernharðsson*.

*Pórarinn Eldjárn* varaformaður, tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

*Gunnar H. Kristinsson*, tilnefndur af umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

– Varamaður: *Danfríður Skarphéðinsdóttir*.

*Hallgrímur J. Ámundason*, tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

– Varamaður: *Jónína Hafsteinsdóttir*.

*Margrét Jónsdóttir*, tilnefnd af Íslenskri málnefnd.

– Varamaður: *Sigurður Konráðsson*.

Emily Lethbridge var ráðin rannsóknarlektor á nafnfræðisvið Árnastofnunar frá og með 1. september, en í verkahring hennar er m.a. að starfa fyrir Örnefnanefnd. Hefur hún tekið þátt í starfi nefndarinnar frá þeim tíma. Einnig hefur Hjördís Erna Sigurðardóttir, starfsmaður nafnfræðisviðs, setið fundi nefndarinnar og skrifað fundargerðir.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að Laugavegi 13 í Reykjavík.

## Verkefni

Verkefni Örnefnanefndar eru skv. lögum þessi:

1. að veita rökstutt álit um örnefni vegna birtingar í opinberum örnefnagrunni hafi risið ágreiningur um það efni og honum verið skotið til nefndarinnar;
2. að úrskurða um nýtt eða breytt bæjarnafn, götunafn eða annað það nafn sem notað er til skráningar á staðfangi hafi risið ágreiningur um það efni og honum verið skotið til nefndarinnar;
3. að úrskurða um nöfn á skiltum opinberra aðila;
4. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýjum þéttbýliskjarna eða hverfi innan sveitarfélags;

5. að veita umsögn um nafn sveitarfélags, sbr. 6. gr. laga um örnefni;
6. að veita umsögn um nafn á nýju náttúrufríbærri innan sveitarfélags;
7. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin með lögum, reglugerðum eða ákvörðun ráðherra.

Örnefnanefnd er heimilt að taka upp mál að eigin frumkvæði.

## **Heimasíða**

[www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_nafn\\_ornefnanefnd](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd)

Á heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum má m.a. finna aðgang að Lögum um örnefni nr. 22/2015, ársskýrslur Örnefnanefndar frá árinu 1998, megingjónarmið nefndarinnar um nöfn sveitarfélaga og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998. Enn fremur er þar að finna leiðbeiningar nefndarinnar um nafngiftir býla, gatna, sveitarfélaga og náttúrufríbæra og reglugerð um störf Örnefnanefndar.

## **Fundir**

Haldnir voru 5 formlegir fundir í Örnefnanefnd árið 2017.

## **Umsagnir, álit og úrskurðir**

Nokkur formleg erindi bárust Örnefnanefnd á árinu 2017, þar sem óskað var eftir áliti nefndarinnar á fyrirhuguðum bæjar- og götunöfnum.

Nefndin gerði athugasemdir við götunöfn á nýju skipulagi, sem stóðust ekki kröfur um öryggismál.

Örnefnanefnd bárust nokkrar fyrirspurnir á árinu sem svarað var símleiðis eða með tölvupósti.

## **Annað**

Fulltrúar Örnefnanefndar tóku þátt í hugarflugsfundi um nafnfræði sem haldinn var á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 17. janúar. Formaður Örnefnanefndar gerði grein fyrir starfsemi nefndarinnar og nýjum lögum um örnefni. Á fundinum var rætt vítt og breitt um nafnfræði, starfsemi

sviðsins, starf Örnefnanefndar, rannsóknir, söfnun örnefna og örnefnagrunn, og að lokum um framtíðarsýn í nafnfræðum.

Þórunn Sigurðardóttir, formaður Örnefnanefndar, og Emily Lethbridge, starfsmaður nafnfræðisviðs, tóku þátt í haustfundi Samtaka tæknimanna sveitarfélaga, sem haldinn var föstudaginn 3. nóvember í sal Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar, Vífilsstaðavegi í Garðabæ. Þórunn flutti fyrirlestur um huglægar menningarminjar – örnefni og nafngiftahefð og Emily fjallaði um ráðgjafarhlutverk nafnfræðisviðs Árnastofnunar.

Emily Lethbridge fór ásamt Rannveigu Benediktsdóttur, verkefnisstjóra örnefna hjá Landmælingum Íslands, í kynningarheimsókn á starfsstöð Þjóðskrár Íslands á Akureyri mánudaginn 20. október sl. Tilgangur heimsóknarinnar var að fræðast um skráningarferli staðfanga og athuga með aðgang nafnfræðisviðs Árnastofnunar og Örnefnanefndar að skráningargrunni ÞÍ.


Lokið var við samningu leiðbeininga um nafngiftir býla, gatna, sveitarfélaga og náttúrufyrirbæra. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á heimasíðu Árnastofnunar ([www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is)) en verða sendar öllum sveitarfélögum í landinu í byrjun árs 2018.

Reglugerð um störf Örnefnanefndar nr. 1040/2017 birtist í *Stjórnartíðindum* 14. nóvember (<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=d926029d-a684-4f96-85a8-bbf15ac28da3>). Hana er einnig að finna á heimasíðu Árnastofnunar.

Reglugerð um skráningu staðfanga hjá Þjóðskrá Íslands nr. 577/2017 tók gildi 12. júní sl., sjá <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=aa51489d-fb7e-4709-8da0-7782bbecc42b>.

Nafnfræðisvið Árnastofnunar veitir einstaklingum og sveitarfélögum ráðgjöf um örnefni, þ.m.t. bæjarnöfn.

Reykjavík, 31. desember 2017



ÖRNEFNANEFND

Þórunn Sigurðardóttir, formaður